

**Frelsi – ábyrgð – umhyggja**

**39. landsfundur Sjálfstæðisflokkssins**

**25. & 26. júní**

**2010**

**Niðurstöður  
málefna starfs**

# Atvinnumál

## Hvernig má ná fram aukinni sátt um atvinnulífið?

- Niðurstöður
- Efnahagslegt umhverfi
  - Afnema gjaldeyrishöft
  - Lækka skatta
  - Tryggja að skattkerfið sé hliðholtt atvinnulífinu.
  - Lækka tolla á matvæli
- Gegnsæi og jafnræði
  - Allir sitja við sama borð.
  - Hvetja fyrirtæki til hagræðingar og beita opnu virðismati á hæfi reksturs og stjórnenda.
  - Takmarka eignarhald banka á fyrirtækjum í samkeppnisrekstri í 3-6 mánuði.
  - Tryggja að eignarhald fyrirtækja sé ljóst og aðgengilegt.
- Niðurstöður
- Auka áherslu á atvinnufrelsi, framleiðslu og verðmætasköpun.
  - Nýta náttúruauðlindir í sátt við umhverfi.
  - Nýta orku á næturnar.
  - Fá vinnufrið og stöðugleika.
  - Tryggja frelsi í atvinnulífinu.
  - Selja heilbrigðisþjónustu til útlendinga, þannig verja störf, þekkingu og skapa gjaldeyristekjur. Leysa mönnunarvanda til framtíðar.
  - Auka aðgengi að fjármagni til að efna gjaldeyrissparandi iðnað.
  - Vinna úr hrááli.
- Annað
  - Leiðrétta efnahagsleg neikvæð áhrif af hruni, gjaldeyristengd lán, verðtryggð lán einstaklinga og fyrirtækja.
  - Afnema kvótakerfi í landbúnaði.
  - Byggja upp heilbrigjt bankakerfi án ríkisafskipta.

## Niðurstöður vinnuhópa í atvinnumálum

- Í fyrsta lagi áherslan á sátt um atvinnulífið en ljóst er að slík sátt er lífsnauðsynleg ef takast á að endurreisa íslenskt atvinnulíf.
- Í öðru lagi stóraukin áhersla á útflutning sem nauðsynleg er vegna erlendrar skuldastöðu þjóðarinnar.
- Í síðasta lagi ræddu hóparnir hvernig styrkja mætti rekstrarumhverfi lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Þessi fyrirtæki skapa um 60% verðmæta í hagkerfinu og hafa yfir helming alls fólks á vinnumarkaði í vinnu. Engu að síður hafa þau gleymst á uppgangsárum síðasta áratugar og litla athygli fengið í umræðunni.

## Sátt um atvinnulífið

- Ábyrg og sjálfbær nýting auðlinda.
  - Náum sátt um hvað beri að nýta og hvernig
  - Endurreisn og sköpun starfa byggir á nýtingu auðlinda
  - Náum sátt um eignarhald auðlinda
  - Virða eignarrétt bænda
  - Virða skipulagsvald sveitarfélaga
  - Aukum fullvinnslu á auðlindum okkar.
- Uppgjör við fortíðina
  - Réttarkerfið sér um að dæma
  - Fyrirgefum og lítum fram á veginn
  - Eyðum tortryggni
  - Tökum ekki verðmætt vinnuafl úr umferð
  - Sátt um atvinnulífið
- Fjármálakerfið
  - Fyrirtæki sem tekin eru yfir af bönkum séu strax sett í söluferli
  - Yfirtöku- og söluferlið sé gagnsætt.
  - Regluverk fjármálakerfisins sé endurbætt
  - Byggjum upp Kauphöllina að nýju
- Erlend fjárfesting
  - Er nauðsynleg við núverandi aðstæður
  - Þarf að ná sátt um aðkomu hennar að viðkvæmum greinum.
  - Auðlindir í eigu þjóðarinnar en nýting erlendra aðila heimil.
- Samkeppnishæft og stöðugt skattkerfi
  - Taka verður skattahækkanir til baka, sér í lagi þá skattlagningu sem ekki leggst á afkomu.
  - Nýtum skattivilnanir til að örva fjárfestingar og nýsköpun
- Tryggjum frelsi atvinnulífsins
  - Atvinnulífið fái vinnufrið en sé ekki undir stöðugum afskiptum og árásum hins opinbera.
  - Rekstrarumhverfið verður að vera stöðugt svo atvinnulífið geti gert langtíma-áætlanir.
  - Afnema þarf gjaldeyrishöftin.
  - Styrkjum regluverkið í samkeppnismálum.
- Öflugt atvinnulíf skapar sátt í þjóðfélaginu

## Útflutningur

- Helstu áherslur í útflutningi
  - Ferðaþjónusta. Heilbrigðistengd ferðaþjónusta.
  - Orkufrekur iðnaður – aukin fjölbreytni og fullvinnsla.
  - Sjávarútvegur – fiskeldi og aukin fullvinnsla. Aukum kvótann.
  - Hugverkagreinar, hugbúnaður, líftækni, þekking í orkuvinnslu etc.
  - Landbúnaðarvörur – áhersla á umhverfisværar vörur „beint frá býli“.
  - Líftækni.
  - Hrein orka innanlands í stað jarðefnaeldsneytis.

- Aukum fjölbreytnina – nýtum klasahugsun, t.d. í tengslum við orkufrekan iðnað, ferðaþjónustu og sjávarútveg.
- Byggjum upp í kringum siglingaleið norður um pól.
- Veljum íslenskar vörur – minni innflutningur jafngildur auknum útflutningi.
- Hvað þarf til?
  - Stóraukið samstarf líkra og ólíkra greina í markaðssetningu og öflun markaða. Samnýtum þekkinguna.
  - Byggjum upp sterka ímynd Íslands – hreint, vistvænt, gæði. Hvort heldur er í útflutningi á vörum eða ferðaþjónustu.
  - Skattkerfið þarf að nýta til útflutnings og þróunarívilnana.
  - Menntakerfið verður að styðja við þróunina t.d. með aukinni áherslu á framleiðslutengdar greinar, svo sem verkgreinar.
  - Tryggja þarf stöðugt rekstrarumhverfi, lækka vexti, afnema gjaldeyrishöft, lækka skatta.
  - Mikil þekking til í útflutningi og starfsemi á erlendum grunni, t.d. hjá fjármála-geiranum.

## Lítill & meðalstór fyrirtæki (L&M)

- Einfalda regluverkið
  - Mikil skriffinnska.
  - Óskýr mörk á milli eftirlitsstofnana.
  - Of tímafrek vinna fyrir fámenn fyrirtæki.
  - Einfaldar gagnsæjar reglur á öllum sviðum atvinnulífsins.
- Lögum skattkerfið
  - Hækkun tryggingagjalds litlum fyrirtækjum þungt í skauti.
  - Skattívilnanir á fyrstu árum rekstrar.
  - Lækka og fækka eftirlitsgjöldum.
  - Reiknað endurgjald getur verið frumkvöðlum fjötur um fót.
- Hugsum smátt
  - Stærri verk boðin út í smærri áföngum.
  - Aukinn stuðningur við markaðssetningu og útflutning L&M.
- Stöðugt rekstrarumhverfi
  - Sérstaklega mikilvægt fyrir L&M.
  - Samstarf um menntun, þróun, markaðssetningu.
  - Aðgengi að rekstrarnámi t.d. Nýsköpunarmiðstöð.
  - „Best practice“-verkefni sem L&M geta nýtt sér á einstökum sviðum.
  - Samstarf um rannsóknir og þróun fyrir L&M.
  - Sölu og kynningaramtök L&M.
- Aðgengi að fjármagni
  - Aukin áhersla á lánveitingar til L&M.
  - Bankarnir of uppteknir af stórum fyrirtækjum og stórum vandamálum.
  - Bæta inn engla fjárfestingarsjóðum.
  - Skattaívilnanir um hlutabréfakaup.
  - Fjárfestingasjóðir sem sérhæfa sig í litlum og meðalstórum fyrirtækjum, skráðir á markað.
- Sjálfstæðisflokkurinn sé málsvari lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

# Efnahags- og skattamál

## Öguð efnahagsstjórnun

Mikilvægt er að endurnýja traust og trúverðugleika. Traust á bankakerfinu, traust á efnahagslífinu og traust á stefnu Sjálfstæðisflokkssins.

Peninga- og gjaldmiðilsstefnan er grunnurinn undir öllu samféluginu. Sjálfstæðisflokkurinn verður að hafa trúverðuga stefnu á því sviði. Þjóðin kallar eftir agaðri efnahagsstjórn og niðurstöður hópanna eru í samræmi við það. Allsherjar þjóðarsátt og samræmd stefna í fjármálum ríkisvalds og peningamálstofnana þarf að vera um hliðstæð skilyrði og Maastricht-skilyrðin þar sem verðbólga, langtímastýrivextir, halli á rekstri ríkissjóðs og heildarskuldir eiga að vera sambærileg við þau lægstu í helstu viðskiptalöndum Íslands. Með agaðri efnahagsstjórn er hægt að draga úr vægi verðtryggingsar. Íslendingar verða að geta skipt um gjaldmiðil eftir 3–5 ár ef þeim sýnist svo.

- Undirbúa skal afnám gjaldeyrishafta.
- Taka upp sambærileg skilyrði og Maastricht-skilyrðin þar sem sett eru markmið í efnahagsstjórnun í allsherjarsátt.
  - verðbólga ekki meiri en 1,5% yfir meðaltali helstu viðskiptalandi;
  - langtímastýrivextir ekki hærri en 2% yfir meðaltali hjá helstu viðskiptalöndum Íslands;
  - halli á rekstri ríkissjóðs ekki meiri en 3% (0% langtímarkmið) af vergri landsframleiðslu;
  - heildarskuldir ekki yfir 60% (innan 5 ára og 30% eftir 10 ár) af vergri landsframleiðslu;
  - reyna þó í heild að ná meðaltali sem langtímarkmiði, ekki frávik;
  - umræður á einu borði var ríkjandi um fjölmátt;
  - sameiginlega sýn ríkisvaldsins og peningamálstofnana – hvernig náum við ögun á þessum skilyrðum?
  - ef Maastricht-skilyrðin eru uppfyllt þarf ekki verðtryggingu.
- Gjaldmiðillinn
  - krónan aðstoðar okkur út úr kreppunni;
  - flestir á því að ákvörðun um hvort halda eigi krónunni eða taka upp aðra mynt verði tekin eftir 3-5 ár, þegar leiðin að agaðri efnahagsstjórnun er hafin.

## Leiðréttинг útgjalta hins opinbera

Ríkisútgjöld hækkuðu á okkar vakt og því þarf að leiðréttta útgjöld hins opinbera. Nýta þarf peningana betur, ekki bara skera niður. Nokkur dæmi um sparnað af þessu tagi:

- Breyta þarf rekstrarformum eftirlits- og rannsóknarstofnana atvinnuveganna og láta atvinnulífið borga beint fyrir þjónustuna. Meiri samvinnu við atvinnulífið í rekstri t.d. Hafró, Fiskistofu, Matvælastofnunar. Eins var rætt um sameiningu eftirlitsstofnana.
- Fara þarf yfir styrki til landbúnaðarins og gera neytendur meðvitaðri um niðurgreiðslur í verði landbúnaðarvara.
- Fækka ráðuneytum og minnka yfirbyggingu stjórnsýslunnar.
- Fjölga rekstrarformum í heilbrigðisgeiranum.
- Fjölga rekstrarformum í ríkisrekstri.
- Styttning grunnskóla í 9 ár, nýta tíma betur – 6 vikna frí á ári þ.e. meiri menntun fyrir sama fé.
- Fækka háskólum, fækka deildum, einhver skólagjöld á háskólastigi, nemendur greiða að fullu skólagjöld fyrir æðra skólastig en grunnnám háskóla.
- Skilgreina heildarárafjölda í námi hjá einstaklingi sem ríkið greiðir.
- Fækka heilbrigðisstofnunum / fækka dögum sjúkrahúsvistar með aukinni heimahjúkrun.

- Val að fara til sérfræðilækna en ódýrara með tilvísun heimilislækna.
- Þjónustugjöld eiga að standa undir rekstri.
- Lífeyrirréttindi sambærileg hjá opinberum starfsmönnum og almennum markaði en til að skapa sátt þarf að semja t.d. um launabreytingar – horfa á til framtíðar, nýir starfsmenn með sömu réttindi og á almenna markaðnum.
- Lækka launakostnað hjá ríkinu um 10% á 4 árum.
- Fækka sendiráðum um 5.
- Barnabætur eingöngu til þeirra sem þurfa, í formi félagsaðstoðar.
- Einkarekstur í vegagerð.
- Niðurgreiðslur þurfa að vera sýnilegar, t.d. á verði landbúnaðarvara.
- Koma í veg fyrir tilhneigingu til að fela ríkisútgjöld, fjárlög skýrari.
- Einkavæða menningu.
- Lækka ráðstöfunarfé ráðherra.
- Draga úr fæðingarorlofi.
- Hætta við byggingu háskólasjúkrahúss – ekki samstaða þar.
- Færa verkefni til sveitarfélaga, t.d. heilsugæsluna.
- Lántakendur LÍN greiði hraðar niður námslán ef þeir flytja úr landi – átthagafjötrar.
- Meiri tími og agaðri vinna í fjárlagagerð, refsa yfirmönnum og fyrirtækjum ef farið er framúr fjárheimildum.

## Skattar

Skattkerfið á að vera fjároflun en ekki tekjujöfnun eða neylustýring. Einfalda þarf skattkerfið, gera það gegnsætt og gæta þess að skattar séu ekki svo háir að þeir dragi úr hvata til verðmæta-sköpunar. Draga ber úr millifærslum, þannig að velferðarkerfið og skattkerfið séu aðskilin.

- Þrepaskipting tekjuskatts afnumin.
- Afnema lágmarksútsvar.
- Leggja niður jöfnunarsjóð sveitarfélaga.
- Afnema eignarskatta. Þeir eiga ekki rétt á sér.
- Fjármagnstekjuskattur á að vera á raunavöxtun en ekki á nafnavöxtun.
- Eitt þrep í virðisaukaskatti.
- Skiptar skoðanir eru um skattlagningu á inngreiðslu séreignasparnaðar í lífeyrissjóð.
- Endurskoða og samræma vörugjöld og tollskrá.
- Hóflegt gjald að náttúruperlum – þarf að standa undir rekstri.
- Hverfa aftur til skattkerfis sem var áður en vinstri stjórni tók við.
- Búið að eyðileggja staðgreiðslukerfi skatta.
- Skattkerfið á að vera fjároflun en ekki tekjujöfnun eða neylustýring
- Velferð í bótakerfi ekki í skattkerfi.
- Lækkun á tryggingargjaldi
- Skattlagning á inngreiðslu séreignasparnaðar í lífeyrissjóð en sumir með tortryggni v/tvísköttunar – sumir segja að það sé algjör della.
- Endurskoða sjómannaafslátt.
- Afnema persónuafslátt, fremur fjölskylduaafsláttur fyrir barnafjölskyldur í stað barnabóta.
- Endurskoða og samræma vörugjöld og tollskrá.
- Herða skattaeftirlit.
- Lækkun á tekjum eftir hækkun skatta sýnir mislukkaða stefnu vinstri stjórnar.

# Innanríkismál

## I. Stjórnarskráin og endurskoðun hennar – heildarendurskoðun eða endurskoðun eftir þörfum?

Hverjar eru mikilvægustu breytingarnar sem þú telur að þurfi að gera á stjórnarskránni?

Hvernig viljum við vinna eð þessum breytingum?

1. Stjórnarskránni verði breytt í áföngum og eftir þörfum og þróun í samféluginu. Þau sjónarmið komu samt fram að endurskoða ætti alla stjórnarskrána.
2. Vandað verði til verka.
3. Staða Alþingis verði styrkt og þrígreining valdsins verði gerð skýrari.
4. Hlutverk forseta verði skýrt og synjunarvald hans afnumið. Skiptar skoðanir voru um málsskotsréttinn.
5. Til greina kemur að leggja af embætti forseta og fela forseta Alþingis hlutverk hans.
6. Reglur um þjóðaratkvæðagreiðslu um löggjöf verði skýrar og vilji kjósenda þarf að koma skýrt fram. Það á hinsvegar að vera erfitt að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu.
7. Ráðherrar segi af sér sem þingmenn meðan þeir gegni embætti ráðherra.
8. Ráðherra beri ábyrgð á skipun dómara.
9. Ekki gera breytingar á stöðu þjóðkirkjunnar í stjórnarskrá.
10. Persónukjör tekið upp í meira mæli en er samt mjög vandmeðfarið.
11. Nýtingarréttur auðlinda verði skilgreindur í stjórnarskrá.
12. Ekki þörf á breytingum á stjórnarskrá í viðamiklum málum, svo sem utanríkismálum, mannréttindamálum og stöðu þjóðkirkjunnar.
13. Tryggja verður framkvæmd stjórnlagabingsins og að þar verði gott þversnið af þjóðinni.
14. Leggja verður áherslu á að stjórnlagabing er ráðgefandi. Alþingi á síðasta orðið og er því staða þess sterkari en ella.
15. Til þess að þjóðaratkvæðagreiðsla sé talin marktæk þarf yfir 50% kosningabærra manna að taka þátt í atkvæðagreiðslunni.

## II. Kosningar og lýðræði – þjóðaratkvæði, beint lýðræði, kosningalöggjöf, kjördæmaskipan

Hverju þarf helst að breyta í kosningalöggjöfinni til að tryggja sem best lýðræði og aðkomu borgaranna að ákvörðunum?

1. Kjördæmaskipan er gölluð en lausnin felst ekki í því að gera landið að einu kjördæmi.
2. Rætt um vægi atkvæða milli kjördæma. Minnt á að það er jafnt á milli flokka á landsvísu.
3. Fjölga á kjördæmum frá því sem nú er.
4. Styrkja þarf stöðu kjörinna fulltrúa, jafnt á Alþingi sem í sveitarstjórnum.
5. Í umræðum um íbúalýðræði kom fram að kjörnir fulltrúar gætu ekki varpað ábyrgðinni frá sér á herðar íbúanna með því að láta kjósa um stórt og smátt. Það má ekki ýta undir ákvörðunararfælni stjórnrmálamanna.

6. Upplýsingaflæði til íbúanna er mikilvægt og sein samskipti um heimasíður og opna fundi tryggir best íbúalýðræði. Með upplýsingamiðlun og gegnsærri stjórnsýslu verða ákvarðanir skýrar og heiðarlegar.
7. Móta þarf skýrar reglur um íbúa lýðræði.
8. Stjórnálamenn standi og falli með ákvörðunum sínum. Styrkja þarf fulltrúa lýðræðið.
9. Þróa rafrænar kosningar.
10. Ákveðinn hluti þingmanna þarf að geta krafist þjóðaratkvæðagreiðslu, t.d. 1/3 hluti þingmanna. Það á samt að vera erfitt að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu um einstök mál.
11. Stöðugar kosningar hægja á ákvarðanatöku.
12. Persónukjör er vandmeðfarið og flókið.
13. Efla þarf hverfaráð samhliða sameiningu sveitarfélaga og stækkan þeirra.
14. Íbúaþing hafa ekki gefist vel og eru tæplega marktæk vegna þáttöku. Velja ætti á þau, eigi þau að vera marktæk.
15. Mikilvægt að tryggja skilvirka stjórnsýslu.
16. Kvaðir um „íbúalýðræði“ þarf að þróa og á ekki að festa í lög heldur þróa með frjálsum hætti.

### **III. Auðlindamál**

**Hvernig tryggjum við best hagkvæma nýtingu auðlinda þjóðarinnar?**

1. Hafna fyrningaleið í sjávarútvegi.
2. Tryggja þjóðareign á auðlindum en efla framtak og bæta umgengni með nýtingarrétti til langa tíma.
3. Umfjöllum um grundvallarbreytingar um nýtingarrétt má ekki skaða samfélagið og setja í uppnám vinnufrið.
4. Með eðlilegri umræðu og þróun verði tryggður hagur þjóðarinnar gagnvart auðlindanýtingu.
5. Verja eignarrétt í stjórnarskrá.
6. Með eðlilegri endurskoðun á framkvæmd nýtingar fiskimiðanna verði hagsmunir þjóðar tryggðir. „Við viljum vinnufrið.“
7. Skilgreina þarf skýrt í lögum aðgang almennings að vatnsauðlindunum.
8. Tryggja nýtingu orkulinda í þágu almennings með atvinnu uppbyggingu í sátt við eðlilegar reglur um umhverfismál.
9. Það á að vera metnaðarmál Íslendinga að reka hagkvæman og arðbæra sjávarútveg sem tryggi jafnframt jafnvægi í lífríkinu með trygga langtímanýtingu að leiðarljósi.
10. Sjálfstæðisflokkurinn vill sátt um sjávarútveg og alla auðlindanýtingu.
11. Framsalsréttur aflaheimilda skapar deilur. Því þarf veiðiskylda útgerða að aukast.
12. Munum að fiskimiðin eru takmörkuð auðlind.
13. Treystum þingmönnum flokksins fyrir því að setja sanngjarna og eðlilega löggjöf um vatnsréttindi og nýtingarrétt, á jafnt heitu sem köldu vatni. Allt með heildarhagsmuni að markmiði.
14. Orka jarðvarma, fallvatna og sjávarfalla skapi atvinnutækifæri til framtíðar.
15. Það er rangt að sjálfstæðismenn vilji „einkavæða vatnið“ og skerða með því almanna-hagsmuni eins og andstæðingar flokksins halda fram í vörn sinni fyrir þeim sjónarmiðum sem þeir aðhyllast.
16. Engar aðstæður réttlæta eignaupptöku ríkisins á nýtingarrétti.

# Menntamál

## þrjár spurningar um menntamál - byggðar á vinnu menntamálanefndar xD 2009-2010

1. Við viljum að skólar á öllum skólastigum á Íslandi verði í fremstu röð.  
Hvernig skilgreinum við sjálfstæðismenn skólakerfi \* sem er í fremstu röð?
2. Hverjir eiga að vera helstu áhersluþættir í menntamálum þjóðarinnar til næstu 10 ára (til 2020)?
3. Rannsóknir sýna að mikilvægasti þátturinn í árangri skólakerfa er hæfni kennara (McKinsey, 2007\*\*). Hvernig tryggjum við að hæfni kennara á Íslandi sé eins og hún gerist best meðal þjóða heims?

\* skólakerfi er notað hér sem þýðing á hugtakinu "school system"

\*\*McKinsey Report (sept 2007): How the world's best-performing school systems come out on top. Skýrslan birtir m.a. samantekt á niðurstöðum rannsókna

## 5 áhersluþættir í menntamálum til næstu 10 ára

1. Endurskoða kennaramenntun og auka sveigjanleika í starfsumhverfi skóla
2. Tryggja læsi og leggja ofuráherslu á móðurmál, málskilning og orðaforða barna
3. Bæta gæði innra starfs
4. Auka tengsl skóla við nærumhverfi
5. Nýta menntun til að koma okkur út úr kreppunni

Einnig: Innleiða ný lög um menntamál í samvinnu við nemendur, foreldra og samfélag (lögin gefa mikið svigrúm til að auka gæði skólastarfs)

## 5 atriði sem tryggja að hæfni kennara sé eins og hún gerist best meðal þjóða heims

1. Auka virðingu fyrir skólastarfi og kennurum í samféluginu
2. Fá okkar hæfustu einstaklinga til að verða kennrarar
3. Efla kennaramenntun á Íslandi
4. Einfalda kjarasamninga og breyta starfsmannalögum
5. Koma á reglulegu hæfnismati kennara

## Innleiða 8 lykilhæfniþætti í skólastarfi í Evrópu, þeir verði hryggjarsúlan í starfinu allt frá leikskóla til framhaldsskóla:

2. Tjáning og samskipti á íslensku móðurmáli
3. Tjáning og samskipti á erlendum tungumálum
4. Stærðfræði daglegs lífs
5. Náttúra, vísindi og tækni
6. Námsleikni
7. Skapandi hugsun og hagnýting þekkingar
8. Menning, listir og sköpunarkraftur
9. Félagsleg hæfni og borgaravitund

## **Helstu hugmyndir nefndarinnar fyrir fundinn (ekki fullmótað) - (Drög júní 2010)**

1. **Við viljum að menntun, vísindi og nýsköpun verði í öndvegi í stefnumótun fyrir Ísland til framtíðar litið**, með áherslu á góða og fjölbreytta menntun einstaklinga stuðlum við að frelsi þeirra og lífsgæðum, fjölbreytni í samféluginu og velgengni þjóðar. Atvinnu- og efnahagsmál þjóðarinnar, menning hennar og velferð, hvíla á menntun landsmanna, nýsköpun og vísindastarfi.
2. **Við viljum að nemendum líði vel í skólum landsins**, þar verði markvisst unnið að því að hæfileikar hvers og eins framkallist, og fái notið sín, í fjölbreyttu starfi. Nemendur vinni í jákvæðu og skapandi umhverfi þar sem þeir njóta fræðslu í mikilvægum fögum, um leið og borgaraleg réttindi þeirra og skyldur eru til umfjöllunar. Nemendur, foreldrar, atvinnulíf og samfélag taki virkan þátt í skólastarfi, og það starf sem fram fer í skólum landsins njóti almennrar viðurkenningar og virðingar
3. **Við viljum nýta fjármuni til skólastarfs og vísinda vel í þágu nemenda og þjóðar Skólastarf verði skilvirk, fjölbreytt og framsækið, enda standi valkostir í hugmyndafræði og leiðum til boða. Íslenskir kennarar verði faglega sterkir og til fyrirmynnar. Íslenskir nemendur og vísindamenn standi sig vel í alþjóðlegum samanburði og íslenskir skólar standi í fremstu röð. Skólar nýti núverandi löggjöf til að efla skólastarfið og setja því krefjandi markmið í þágu nemenda og þjóðarinnar.**
4. **Áhersla verði á undirstöðugreinar í grunn- og framhaldsskólum**, m.a. lestur, móðurmál, stærðfræði og vísindi í grunnskólum, og faglegan styrk kennara í þeim greinum. Fagleg áhersla í framhaldsskólum, ekki síst íslensku (talað og ritað mál), stærðfærði og ensku; framhaldsskóli búi nemendur vel undir háskólanám og kennarar séu sterkir fagmenn. **Áhersla verði á fagmennsku, nýsköpun og vísindi í háskólum.**
5. **Kennsla verði eftirsótt starf og kennarar faglega sterkir og öflugir**
6. **Við eigum að mennta okkur út úr kreppunni og auka þekkingarstig þjóðarinnar**

## **Ítarefni**

### **Education at a Glance (OECD 2009): Samantekt um menntamál**

Í samantektinni bendir OECD á gögn sem sýna félagslegar afleiðingar menntunar. Þannig eru þeir sem eru meira menntaðir líklegri til að vera við betri heilsu, hafa meiri áhuga á þjóðmálum og treysta betur öðrum í samféluginu.

Ungt fólk utan skóla (Rannsóknir og greining; íslensk rannsókn, 2009)

Allt nám hefur jákvæð áhrif á ungmanni (aldur 16-20 ára); aukið sjálfstraust, aukin þátttaka í tómstundastarfi og íþróttum, og heilbrigði og ánægja er meiri og reykingar og áfengis- og vímuefna-neysla er minni en meðal þeirra sem eru utan skóla.

OECD bendir á að menntun er góð fjárfesting og að nettó ávinnungur samfélagsins af fjárfestingu í háskólamenntun sé > US\$ 50.000 á nemanda að meðaltali í OECD ríkjum

Ísland ver einna mest þjóða til menntamála eða um 8% af landsframleiðslu. OECD-ríkin vörðu að meðaltali US\$ 7.840 á nemanda árið 2006 en Ísland 8.823 US\$ (13% meira).

Árið 1997 var um 13% vinnuafls á Íslandi með háskólapróf, 10 árum síðar (2007) var hlutfallið nær 22%, margar viðmiðunarþjóðir eru með hærra hlutfall.

Nemendum á háskólastigi fjölgæði um 54% á Íslandi á milli áranna 2000-2006.

Þegar grunnskóla- og framhalds-skólastig eru tekin saman jukust útgjöld á nemanda á Íslandi um 35% (2000-2006).

Við viljum að nemendum líði vel í skólum landsins, þar verði markvisst unnið að því að hæfileikar hvers og eins framkallist, og fái notið sín, í fjölbreyttu starfi. Nemendur vinni í jákvæðu og skapandi


umhverfi þar sem þeir njóta fræðslu í mikilvægum fögum, um leið og borgaraleg réttindi þeirra og skyldur eru til umfjöllunar. Nemendur, foreldrar, atvinnulíf og samfélag taki virkan þátt í skólastarfi, og það starf sem fram fer í skólum landsins njóti almennrar viðurkenningar og virðingar.

**Við viljum nýta fjármuni til skólastarfs og vísinda vel í þágu nemenda og þjóðar Skólastarf verði skilvirkт, fjölbreytt og framsækið, enda standi valkostir í hugmyndafræði og leiðum til boða. Íslenskir kennarar verði faglega sterkir og til fyrirmynadar. Íslenskir nemendur og vísindamenn standi sig vel í alþjóðlegum samanburði og íslenskir skólar standi í fremstu röð. Skólar nýti núverandi löggjöf til að efla skólastarfið og setja því krefjandi markmið í þágu nemenda og þjóðarinnar.**

**Við getum gert betur!**

### Hlutfall nemenda sem á erfitt með lestur

Figure 2.8. How many students struggle with reading?<sup>1</sup>  
Percentage of students below and at Level 1 of proficiency in the OECD PISA  
reading scale<sup>2</sup> (2003)



1. Countries are ranked in descending order of percentage of 15-year-olds in Levels 2, 3, 4, 5 and 6.

2. The PISA scale has six levels of proficiency. Level 2 represents the baseline at which students begin having skills that allow them to use reading actively. Level 1 and below imply insufficient reading skills to function in today's societies.

Source: OECD (2004b), Learning for Tomorrow's World: First Results from PISA 2003, OECD, Paris.

- 2000- 2006 hrakaði lesskilningi íslenskra nemenda marktækt; um 22 stig á kvarða PISA
- Frá 2003 til 2006 lækkaði stærðfræðikunnáttu marktækt um 8 stig. Hvergi eru stúlkur með hærri stærðfræðiskor en drengir, nema á Íslandi (PISA)
- Drengir heltast frekar úr lestinni í skólakerfinu
- Karlar eru mun færri í háskólanámi (1/3 nema)
- 178 grunnskólar voru á Íslandi árið 2005
- 43.875 grunnskólanemar (2006-2007)
- 5.084 störfuðu við kennslu og skólastjórnun 2008
- 81% af starfsliði grunnskóla eru konur
- 1998 voru 13,3 nemendur á kennara
- 2001 voru 10,6 nemendur á hvern kennara
- 2004 voru þeir 9,4 og 2006 voru þeir 8,8

## Staða íslenskra nemenda í náttúrufræði miðað við önnur lönd - sæti (af 57)

þekking á vísindalegri aðferðafræði	21.-31.
Jarð- og stjörnufræði	14.-28.
Líf- og vistfræði	31.-38
Eðlis- og efnafræði	25.-32

## Átta lykilhæfniþættir í skólastarfi í Evrópu (\*)

Hryggjarsúlan í starfinu allt frá leikskóla til framhaldsskóla

1. Tjáning og samskipti á íslensku móðurmáli
2. Tjáning og samskipti á erlendum tungumálum
3. Stærðfræði daglegs lífs
4. Náttúra, vísindi og tækni
5. Námsleikni
6. Skapandi hugsun og hagnýting þekkingar
7. Menning, listir og sköpunarkraftur
8. Félagsleg hæfni og borgaravitund

Tryggja þarf faglega hæfni kennara til að kenna þessa áhersluþætti svo vel sé.

Fjölpætt fagleg áhersla og sveigjanleiki gerir kröfur um að menntun kennara sé endurskoðuð og bætt.

Mögulega þarf fleiri en einn kennara til að miðla til nemenda þessum lykil-hæfniþáttum.

Hæfni nemenda (sbr. hæfniþættir), hvílir á hæfni kennara.

## OECD samanburður 9-11 ára barna: Litlum tíma er varið í stærstu bóklegu fögin við íslenska skóla

- 23% meiri tíma er varið að meðaltali í þessi fög á hinum Norðurlöndunum (en á Íslandi)
- 16% kennslutíma er varið í Íslensku á móti 23% hjá OECD og Norðurlöndunum
- Áhersla verði á undirstöðugreinar í grunn- og framhaldsskólum, m.a. lestur, móðurmál, stærðfræði og vísindi í grunnskólum, og faglegan styrk kennara í þeim greinum. Fagleg áhersla í framhaldsskólum, ekki síst í íslensku (talað og ritað mál), stærðfærði og ensku; framhaldsskóli búi nemendur vel undir háskólanám og kennrarar séu sterkir fagmenn.
- Áhersla á fagmennsku, nýsköpun og vísindi í háskólum. Kennsla verði eftirsótt starf og kennrarar faglega sterkir og öflugir. DRÖG júní 2010

## Finnland

Mikil stefnumótunarvinna í menntamálum til nokkurra ára í senn.

Þann 5. des 2007 samþykkti finnska ríkisstjórnin mennta- og vísindastefnu til ársins 2012. Helstu áhersluþættir:

- a. Tryggja jafnrétti til náms
- b. Auka gæði menntunar
- c. Efla þekkingu vinnuafsls
- d. Þróa menntun á háskólastigi
- e. Fá og þjálfa góða kennara

## Stefna Finnlands: 2007-2012

1. Breytingar í ytra umhverfi menntunar
2. Áhersluþættir
3. Þróun í menntun og vísindum
4. Aðgengi að menntuðu vinnuaflí
5. Símenntun
6. Hagkvæmni, brottafell og fjölbreytni
7. Stjórnun og fjármögnum
8. Rannsóknir, þróun og nýsköpun
9. Alþjóðavæðing
10. Innflytjendur og menntun
11. Samspil skóla og vinnu
12. Áhersla á nýsköpun
13. Viðurkenningar skóla
14. Gæðaúttektir
15. Þróun mennta- og vísindastarfs í háskólum
16. Efling kennslu (kennaramenntunar)
17. Samfélagslegir þættir
18. Lánasjóðir fyrir nemendur
19. Kennrarar
20. Gagnamiðuð ákvörðunartaka

Appendix 1: Markmið til ársins 2015 og 2020

Appendix 2: Fjöldamarkmið í einstökum greinum

### Markmið um menntastig þjóðarinnar

(2005) 2015 2020

	2005	2015	2020
Háskólagráða (25-64 ára)	19%	25%	30%
Háskólagráða (25-34 ára)	28%	38,5%	42%
Háskólagráða eða starfsréttindi (25-64 ára)	71%	77%	81%
Háskólagráða eða starfsréttindi (25-34 ára)	73%	83,5%	88%

### Almennar aðgerðir:

Samantekt á dæmigerðum umbótum til að auka gæði menntunar

(\*)Breyta skipulagi Ekki fannst jákvæð fylgni við árangur (\*)


Fækka nemendum í bekkjum Ekki jákvæð fylgni (\*\*)

Verja meiri fjármunum í skóla Ekki jákvæð fylgni (\*)

Fá betri kennara (high performer) Sterk jákvæð fylgni (\*\*\*)

(\*) McKinsey Report (2007): How the world's best-performing school systems come out on top

(\*\*) af 112 rannsóknum á áhrifum fámennari bekkja sýndu 103 neikvæða eða enga fylgni milli árangurs og bekkjastærða  
 (\*\*\*) ...the negative impact of low-performing teachers is severe, particularly during the early years of schooling





Línurit til vinstri frá BNA sýnir vaxandi fjármuni í pr nemanda og fámennari bekki á árunum 1970-2005. Á sama tíma hélst læsi svipað

Súlurit frá OECD sýnir að auknir fjármunir í menntun á árunum 1970-1994 hafa ekki jákvæð áhrif á frammistöðu nemenda

McKinsey Report (2007) How the world's best-performing school systems come out on top

## Þrennt einkennir fyrirmyndarskóлakerfi skv. samanburðarrannsókn McKinsey frá 2007:

- 1. Réttir einstaklingar fengnir til að verða kennrar
- 2. Þjálfuðu þessa einstaklinga til að verða afbragðs kennrar
- 3. Þróuðu kerfi sem tryggði að sérhvert barn fær notið góðrar kennslu
- 



# Utanríkismál

Utanríkismálanefnd flokksins lagði þrjú umræðuefnir fyrir mállefnaðarf landsfundar með stuttri greinargerð, sem samstaða var um innan nefndarinnar. Í fyrsta lagi, að rætt yrði um ESB-málið og stöðu þess, í öðru lagi varnar- og öryggismál og í þriðja lagi norðurslóðir-loftslagsmál.

Tæplega áttatíu manns tóku þátt í starfinu á sviði utanríkismála.

Menn greindi helst á um afstöðuna gagnvart ESB, mikil samstaða ríkir í varnar- og öryggismálum og áhugi er á því, að frekar sé rætt um norðurslóðir og loftslagsmál.

Þótt ágreiningur sé um ESB, kom fram skýr vilji um, að Sjálfstæðisflokkurinn móti sér ákveðna stefnu í málinu. Í því efni voru þrjár leiðir til umræðu:

1. Leggja umsókn um ESB til hliðar eða draga hana til baka.
2. Ganga viðræðuferlið til enda og láta reyna á niðurstöðuna í þjóðaratkvæðagreiðslu.
3. Stefna markvisst á aðild.

Mat formanns er, eftir lestur þeirra gagna, sem honum voru afhent, að flestir aðhyllist fyrsta kostinn, það er að leggja umsóknina til hliðar og taka hana ekki upp að nýju nema með sérstakri ákvörðun í samráði við þjóðina. Fellur sú niðurstaða að þeirri skoðun, sem fram kom í ræðu formanns flokksins í gær og drögum að stjórnmálaályktun.

## Óskynsamlegt að halda aðildarviðræðum áfram

Fram kom, að óskynsamlegt væri að halda ESB-aðildarmálinu áfram við núverandi aðstæður í þjóðfélagit, önnur mál væru brýnni, bæði að því er varðar nýtingu tíma við landstjórnina og ráðstöfun opinberra fjármuna. Þá væri uppnám og spenna innan Evrópusambandsins vegna fjármála-legrar óvissu, einkum á evru svæðinu. Aðrir sögðu, að úr því að alþingi hefði samþykkt að fara inn á þessa braut, ætti að ganga hana til enda. Einhver tók svo djúpt í árina að halda því fram, að afturköllun umsóknar kynni að leiða til brottreksturs af evrópska efnahagssvæðinu.

Minnt var á, að með ESB-aðild yrði gengist undir reglur yfirþjóðlegs valds varðandi nýtingu auðlinda til lands og sjávar. Lúta yrði óviðunandi kostum í Icesave-málinu. Svigrúm til samskipta við þjóðir utan ESB yrði takmarkað. Í einstökum greinum eins og hvalveiðum yrði Íslendingum settur stóllinn fyrir dyrnar. Á móti komu röksemadir um meiri aga við efnahagsstjórn, lægri vexti og meiri stöðugleika með upptöku evru. Utan ESB kynni þjóðin auk þess að einangrast um of.

## Samstaða um NATO-aðild

Eindregin samstaða var um aðildina að NATO í umræðum um varnar- og öryggismál. Sú spurning var rædd, hvort bandalagið hefði teygt sig of langt með aðild að striðsátökum í Afganistan.

Þá var einnig einhugur um nauðsyn varnarsamnings við Bandaríkin. Rætt var um áherslur í samstarfi Íslendinga og Bandaríkjamaðanna, hvort ekki ætti að efla það, að því er varðar öryggi á hafinu og siglingaleiðum á Norður-Atlantshafi. Í því efni beindist áhugi einnig að samvinnu við Kanadamenn og Grænlendinga og jafnvel Rússia. Þá var minnst á aukið samstarf Norðurlanda í anda Stoltenberg-skýrslunnar svonefndu.

Fyrir mörgum er óljóst, hvað vakir fyrir stjórnvöldum með nýjum lögum um varnarmálastofnun. Leggja bæri meiri áherslu á eftirlit á hafinu og í höfnum landsins en í lofthelginni og efla bæri landhelgisgæsluna með því að færa starfsemi varnarmálastofnunar undir dómsmálaráðuneyti. Þá væri nauðsynlegt að auka innlenda þekkingu á sviði varnar- og öryggismála.

## Efla þarf lögreglu

Lof var borið á starf lögreglu og talið nauðsynlegt að efla hana að mannafla, tækjum og búnaði. Huga bæri að því að koma á fót varaliði lögreglu.

Bæði í umræðum um ESB-mál og öryggismálin var vakið máls á aðild Íslands að Schengen-samstarfinu. Nokkur ótti er við vegabréfalaust ferðafrelsi íbúa EES-landanna innan evrópska efnahagssvæðisins, þar sem íbúar eru nú um 500 milljónir. Var það talinn liður í að efla öryggi landsmanna að auka eftirlit með útlendingum, sem koma til landsins.

## Friðsamleg samskipti mikilvægust

Samhljómur var um þá skoðun, að ekki steðjaði hernaðarleg ógn að Íslendingum en hér eins og annars staðar yrðu menn að hafa varann á vegna skipulagðrar glæpastarfsemi, hryðjuverka eða óeðlilegrar ásælni annarra þjóða. Mestu skipti að leggja áherslu á friðsamleg samskipti, sem byggðust á gagnkvæmum hagsmunum, þar á meðal viðskiptum.

Í umræðum um norðurslóðir og loftslagsmál var einmitt vikið að nauðsyn góðs samstarfs ríkja á norðurslóðum til að tryggja öryggi á hafinu og skynsamlega nýtingu auðlinda. Ísland er eitt af átta aðildarríkjum norðurskautsráðsins og var talið mikilvægt að nýta þann vettvang til að styrkja framtíðarstöðu Íslands. Minnt var á, að innan Evrópusambandsins séu þau rök notuð til stuðnings aðildar Íslands að sambandinu, að þar með fái það nýja gátt til norðurskautsins.

## Íslendingar taki frumkvæði í umræðum um málefni norðurslóða

Meira samstarf um málefni norðurslóða var einnig talið til þess fallið að auka samvinnu við Kína, Japan og Kóreu, ef reglulegar siglingar hæfust norðurleiðina milli Kyrrahafs og Atlantshafs. Ástæðulaust væri þó að vekja of miklar vonir um, að þessar siglingar skiptu máli í náinni framtíð en sjálfsagt og eðlilegt væri að búa í haginn fyrir aukna þjónustu við skip.

Vakið var máls á, að ef til vill mætti finna nýtanleg olíuvinnslusvæði á svonefndu Drekasvæði í áttina að Jan Mayen. Ekki ætti að bregða fæti fyrir framhald þess máls en setja skýrar reglur um verndun hafssins. Þá bæri að halda áfram baráttu fyrir viðurkenningu á íslenskum rétti á Rockall-svæðinu í áttina til Skotlands og Írlands.

Lögð var áhersla á, að Íslendingar létu ekki undir höfuð leggjast að tryggja stöðu sína í loftslagsmánum eins og gert var með sérákvæði í Kýótó-samkomulaginu.

Talið var nauðsynlegt að efla rannsóknarstarf varðandi norðurslóðir og var starfsemi stofnunar Vilhjálms Stefánssonar nefnd þar til sögunnar. Jafnframt var hvatt til þess, að Sjálfstæðisflokkurinn tæki frumkvæði í umræðum um norðurslóðamál á stjórnmálavettvangi, meðal annars með ráðstefnu með þátttöku erlendra sérfræðinga.

# Ungar fjölskyldur

Um 30 manns tóku þátt í máléfnavinnu um ungar fjölskyldur og framtíð þeirra. Umræðan var lífleg við borðin. Það felast ákveðin skilaboð til forystu flokksins í því hversu fáir höfðu áhuga á að starfa að máléfnum unga fólksins miðað við aðrar máléfnanefndir en um 30 manns tóku þátt. Sá hópur var þó gríðarlega öflugur og skilaði mikilvægum niðurstöðum. Þetta áhugaleysi á máléfnum ungs fólks birtist í fylgi ungs fólks við Sjálfstæðisflokkinn. Viljum við ekki líka vera flokkur ungs fólks? Ef ekki verður að gert mun flokkurinn minnka þar sem unga kynslóðin tekur ekki þátt, við þurfum endurnýjun. Í máléfnavinnunni komu fram margar nýjar og skemmtilegar hugmyndir sem lúta að því að auka fylgi okkar í röðum yngri kjósenda. **Við höfum verk að vinna.**

## Skuldavandi heimilanna

Fyrsti hluti máléfnaumræðu um ungar fjölskyldur og framtíð þeirra fjallaði um skuldavanda heimilanna. Spurningin sem gengið var útfrá var: **Hvernig verður komið á sátt í samfélaginu um sanngjarnar lausnir fyrir ungt fólk til að takast á við skuldavandann?**

Helstu vandamálin hjá ungum fjölskyldum eru talin skuldamál, húsnæðismál, niðurskurður hins opinbera og skattar.

Í skuldamálum var lagt til að settar verði hömlur á fyrirtæki í innheimtuaðgerðum. Gjaldþrotalögum verði breytt svo fólk geti unnið sig hratt tilbaka úr skuldavandanum. Lyklafrumvarpið var talin lausn, það er að fólk geti skilað inn lyklum af húsum sínum sé það komið í óleysanlegan vanda. Leyst verði sem allra fyrst úr óvissu varðandi afgreiðslu gengislána. Síðast en ekki síst verði ungu fólk tryggð áframhaldandi atvinna.

Tillögur um húsnæðismál fólu í sér að lagt var til að komið yrði á skattaívlnunum á leigumarkaði og ungu fólkni þannig gert kleift að leiga frekar húsnæði. Einnig var lagt til að auðum íbúðum verði komið í leigufélög.

Hóparnir voru mjög andsnúnir niðurskurði hins opinbera og komu með tillögur um hið gagnstæða. Lagt var til að frumkvæði og áhrif almennra opinberra starfsmanna verið aukið, mannauður verði virkjaður. Hópurinn var andsnúinn því að skerða framlög til skóla og leikskóla. Fé til leikskóla verði þvert á móti aukið til þess að halda uppi þjónustustigi og minnka biðlista og staðinn verði vörður um greiðslur úr fæðingarorlofssjóði. Nauðsynlegt er að auka atvinnuþátttöku og menntun ungs fólks. Hópurinn lagði einnig til að fé til tómstunda og forvarnarstarfa verði aukið.

Efnuðum einstaklingum eða fyrirtækjum gefist kostur á að „kosta“ búnað í skólum og leikskólum. Þetta er þekkt og mætti gera meira af. Einnig komu fram nýstárlegar hugmyndir eins og það að ungt fólk þurfi ekki að greiða í lífeyrissjóði.

Tillögur vegna skattamála eru tiltölulega einfaldar. Þær snúast um það að skattar verði lækkaðir og skattþrepum fækkað.

## Atvinnuleysi ungs fólks

Við spurðum spurningarinnar: **Hvernig getum við ýtt undir nýráðningar fyrirtækja og aukið atvinnutækifæri ungs fólks?**

Hópurinn lagði til að eftirlit með atvinnuleysisbótum verði hert og þær verði lækkaðar. Fólk hætti fyrr að vinna og hleypi öðrum að. Lagt var til að virkni sjálfboðaliða verði aukið.

Byggingar ríkisins verði betur nýttar og önnur aðstaða fyrirtækja og stofnana.

Nauðsynlegt sé að breikka grundvöll atvinnulífsins til þess að koma í veg fyrir það að unga fólk ið flytji úr landi. Við þurfum að hvetja ungt fólk til að leggja fyrir sig nám sem gerir því kleift að skapa sér eigin atvinnu.

Við þurfum að auka við frumkvöðlagenin og styðja við (iðngreinar). Við þurfum að auka vinnusviðferði í þjóðféluginu. Margt bendir til þess að um sé að ræða svokallað foreldrvandamál. Við þurfum að gera það eftirsóknarvert að vinna.

En hvað getur hið opinbera gert til þess að örva atvinnusköpun og skapa umgjörð um starfsemi fyrirtækja þannig að þau nái að blómstra. Umræðan snerist um að það þyrfi að lækka skatta og tryggingagjöld. Mjög mikilvægt er að skerða ekki fé til grunn- og framhaldsskóla. Frekar á að leitast við að sameina valgreinar á milli skóla og yfirstjórnir eða skólastjóra. Einnig var lagt til að plássum í menntaskólum verði fjölgað. Það á ekki að láta ungt fólk ganga án atvinnu og menntunar.

Ríkið þarf að búa til hagfellt umhverfi sem auðveldar nýsköpun og stofnun nýrra sprotafyrirtækja.

Ríkið á ekki sjálft að hafa bein afskipti af fyrirtækjum, sérstaklega ekki í samkeppnisrekstri.

Nauðsynlegt er að efla starfsemi Vinnumálastofnunar til þess að aðstoða atvinnulausa. Það þarf að færa svæðisvinnumiðlanir yfir á ábyrgð sveitarfélaga og auka sýnileika og áhrif atvinnuráðgjafa. Setja þarf skilyrði fyrir atvinnuleysisbætur og nefnt var að ríkið geti til dæmis kallað fólk af atvinnuleysisskrá í sérverkefni.

Hið opinbera opni stofnanir sínar og fyrirtæki fyrir ákveðin verkefni í starfsnámi fyrir unga atvinnulausa. Mögulegt væri að koma á skattaafslætti sem umbun til fyrirtækja sem ráða ungt fólk eða bjóða fram aðstöðu fyrir atvinnulausa. Fram komu hugmyndir um að ríkið geri samninga við stéttarfélög um aukin atvinnutækifæri ungs fólks.

Það var talið mjög mikilvægt að atvinnuleysi verði alls ekki lífsstíll. Það þarf að auka mun á bótum og lágmarkslaunum. Það má ekki vera eftirsóknarvert að vera atvinnulaus, það þarf frekar að takmarka fríðindi atvinnulausra. Reglur LÍN voru nefndar sem vinnuletjandi.

## Ungt fólk og stjórnmál

Hvernig náum við að virkja ungt fólk til starfa og vekja áhuga og auka áhrif þess í Sjálfstæðisflokknum?

Þetta er kannski mikilvægasti kaflinn fyrir lífdaga flokksins. Til þess að ná til ungs fólks þurfa stjórnmálamenn að tala mannamál. Það þýðir ekki að vera of formlegur. Ungt fólk kann því illa og finnst það ekki gaman. Ungt fólk vill meiri húmor. Það þarf að ná upp hópefli – stemmningu, það verður að vera “cool” að vera með. Þ.e. að starfið þarf að vera góður félagsskapur. Fólk vill augljóslega minni formlegheit og einfaldari boðleiðir.

Þátttaka má ekki vera dýr, frítt á landsfund fyrir 20 ára og yngri. Það þarf að taka tillit til tíma-setninga og að það henti ungu fólk i hvað tíma varðar. Hafa betri fundatíma fyrir ungt barnafólk.

### Flokkurinn þarf að taka mark á grásrotinni

Það þarf að auka áhrif ungs fólks. Það þarf að kynna fyrir ungu fólk á jákvæðan hátt hvað stjórnmál eru. Það má byrja á því að stofna rýnihóp/nýliðahreyfingu til að finna hagsmunamál ungs fólks. Við náum til 15-18 ára rafrænt, í gegnum eitthvað skemmtilegt. Það þarf að tengja málefni við þeirra hagsmuni.

Það er nauðsynlegt að þjálfa forystufólk ungra til að ná til nýrra kjósenda. Við gætum boðið ungliðum á fundi/námskeið (stjórnmálaskóli, ræðumennska) Við þurfum að byrja markaðssetningu á morgun ekki korter í kosningar. Við þurfum að fylga málefnum sem höfða til þeirra. Það þarf að kynna stefnu flokksins og frelsissýnina með skipulegum hætti í menntaskólunum, ekki bara fyrir kosningar. Áherslurnar eru stefnumál, en ekki nafn flokksins.

Það komu meira að segja margar hugmyndir er lúta að því hvernig við ætlum að ná til ungs fólks. Það þarf að nota netið meira. Það má setja sniðugt myndskeið inn á Youtube eða Facebook. Það þarf að vera gaman í starfinu. Fá Pétur Jóhann /Audda/Sveppa til að kynna flokkinn. Léttu ímyndina, of mikið veldi eins og þetta er í dag. Lagt er til að ungliðastarfinu verði skipt í two flokka, 18-23 ára og 24-36 ára. Yngri flokkurinn einblínir á fræðslu og fjör.

Það þarf að auka aðgengi og áhrif ungs fólks í floknum. Flokkurinn allur þarf að sýna því virðingu að ef áfram heldur sem horfir mun flokkurinn deyja út, ungir kjósendur eru forgangsmál. Flokkurinn þarf að vera staðfastur og heiðarlegur til þess að ná til þeirra. Það þarf að minnka skotgrahernað. Ungt fólk vill að flokksmenn séu málefnalegir í allri umræðu um málefni flokksins. Það nennir ekki skætingsspólitík. Þetta eru skilaboð sem við verðum að hlusta á.

# Velferðarmál

## Þema 1: Tækifæri í íslenskri heilbrigðisþjónustu

**Viðfangsefnið: Hverjar eru áherslur í heilbrigðisþjónustu á næstu árum?**

Niðurstaða umræðu á landsfundi um heilbrigðismál

- Efla þjónustu við fólk með geðraskanir með áherslu úrræði önnur en lyfjagjöf s.s. með greiðsluþáttöku sjúkratrygginga í sálfræðiþjónustu og bættum endurhæfingarúrræðum fatlaðra, en einnig huga betur að geðheilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni.
- Efling grunnþjónustu, öllum gert kleift að velja grunnheilbrigðisþjónustu óháð efnahag.
- Efla forvarnir sérstaklega hjá börnum, með áherslu á bætt mataræði og aukna hreyfingu í skólam. Ávísanir lækna á hreyfingu.
- Styðja við heilsutengda ferðaþjónustu og um leið skapa aukin atvinnutækifæri fyrir heilbrigðisstarfsfólk og nýta betur húsnaði, tækjabúnað og tækni sem þegar er til staðar.
- Aukið samstarf við einkaaðila í heilbrigðisþjónustu m.a. efla starfsemi sjálfstætt starfandi heimilislækna
- Samræmd rafræn sjúkraskrá og auka aðgang almennings að upplýsingum um heilbrigðisþjónustu og fjárhagslegan og félagslegan stuðning samfélagsins þegar heilsa brestur
- Skiptar skoðanir um byggingu hátæknisjúkrahús og um skólatannlækningar.

## Þema 2: Framtíðaráherslur í málefnum eldri borgara

**Viðfangsefnið: Hvað stöndum við frammi fyrir? Hvaða úrlausnir höfum við?**

1. **Valfrelsi og sjálfræði** eldri borgara eru stóru orðin – sem rýma við grunngildi sjálfstæðistefnunnar.
  - Um tímasetningu starfsloka
  - Vinna án þess að það skerði tekjur
  - Til að velja sér búsetu
2. Velja sér þjónustu eftir þörf á hverjum tíma.
3. **Sjálfstæð búseta.** Aldraðir búi sem lengst í eigin húsnaði með stuðningi til að gera þeim það kleift. Í því skyni verði m.a. heilsueflandi heimsóknir fastur liður í þjónustu við eldri borgara í þeim tilgangi að styðja þá til áframhaldandi sjálfstæðrar búsetu. Í því felst m.a. skimun vegna heilsufars og öryggis, stuðningur við virka þátttöku í samfélaginu, en einnig ráðgjöf um réttindi og þjónustu.
4. **Fjárhagslegt öryggi** felst í að lífeyrir dugi til framfærslu og hafa öryggisnetið það þétt að stórnottendur heilbrigðisþjónustu meðal eldri borgara beri ekki fjárhagslegar byrðar af þeim sökum. Einnig áhersla á að grunnlífeyrir verði ekki skertur og tekjutengingar sem settar voru á í júlí 2009 verði afnumdar. Eignir verði ekki skattlagðar.

5. Tryggja þarf að eldri borgari haldi lífeyrisréttindum og fjárrorræði viðkomandi sé virt óháð búsetu.
6. Áhersla verði lögð á einkaframtak í þjónustu við aldraða og samþættingu í þjónustu við aldraða.
7. Forvarnir eldri borgara til að bæta heilbrigði og sérstaklega huga að hreyfingu, næringu og geðheilbrigði aldraðra.
8. Andstaða við að heilbrigðisþjónusta við aldraða á hjúkrunarheimilum falli undir félagsmálaráðuneytið.
9. Skilgreina lágmarksþjónustu sem byggist á þörf og óskum en ekki aldri.

**Þema 3: Framtíðaráherslur í málefnum fatlaðra – Velferð á grundvelli mannréttinda/þjónusta eftir þörfum**

**Viðfangsefnið: Hvernig tekur Sjálfstæðisflokkurinn forystu á grundvelli nýrrar hugsunar í málefnum fatlaðra einstaklinga?**

- Að notendastýrð þjónusta við fatlaða verði tekin upp. Það gerir fötluðum einstaklingi kleift að stofna fyrirtæki í kringum sínar þjónustuþarfir og ráða til sín eigið starfsfólk. Með því móti fær hann stjórн á eigin lífi, fær tækifæri til að efla sjálfshjálp og honum gefinn kostur á að njóta verðleika sinna og hæfileika og vera virkur þáttakandi í samfélaginu á eigin forsendum.
- Löggilda mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna.
- Endurskoða þarf matskerfi örorku, m.a. þannig að litið verði á starfsorku og starfsgetu einstaklinga í stað örorku og vangetu til starfa. Það felur í sér aukin sveigjanleika, þannig að einstaklingur geti starfað eftir getu á hverjum tíma, án þess að það hafi áhrif á örorkumat og réttindi viðkomandi.
- Efla þarf stoðþjónustu við aðstandendur fatlaðra einstaklinga með miklar sérþarfir.
- Tryggja þarf að nægilegt fjármagn fylgi frá ríki til sveitarfélaga þegar málefni fatlaðra verða flutt milli stjórnsýslustiga um næstu áramót.
- Skoða þarf sérstaklega ástæður mikillar fjölgunar geðfatlaðra á síðustu árum sérstaklega meðal yngri aldurshópanna og efla fyrirbyggjandi aðgerðir.
- Fjölgun úrræða varðandi sérkennslu fatlaðra í fjölbautarskólum
- Afnema lögræðissviptingar hjá mikið fötluðum einstaklingum og í þess stað setja í kringum hann teymi fólks sem aðstoðar hann við að hafa stjórн á sínu lífi.
- Gera fræðsluátak gegn fordómum um fötlun.

## Ítarefni

### Þema 1: Tækifæri í íslenskri heilbrigðisþjónustu

#### Staða heilbrigðismála á Íslandi – stutt samantekt

Íslensk heilbrigðisþjónusta er á heimsmælikvarða. Samstaða er um að standa vörð um þá stöðu og að sjúkum bjóðist áfram þjónusta í samræmi við bestu þekkingu á hverjum tíma. Ísland ver hlutfallslega miklum fjármunum til heilbrigðismála, ekki síst þegar tekið er tillit til hve hún er ung. Aðgengi að heilbrigðisþjónustu er almennt góð, nema hvað varðar tannlæknabjónustu, einkum hjá einstaklingum með lágar tekjur. Ásókn í læknisþjónustu er meiri, en á Norðurlöndum ekki síst vegna ungra barna og hefur aukist á síðustu árum. Menntunarstig heilbrigðisstarfsmanna er hátt og mönnun góð, en vísbendingar um manneklu í ákveðnum greinum á næstu árum. Greiðsluþátttaka almennings í kostnaði af heilbrigðisþjónustu og lyfjum er of flókið og ekki er jafnræði milli sjúklingahópa.

Varðandi lýðheilsu stöndum við okkur vel. Tóbaksneysla er á hröðu undanhaldi meðal allra aldurshópa og dregið hefur úr vímuefnaneyslu ungmenna. Þrátt fyrir að áfengisneysla hafi aukist um 74% frá 1980 mælt í hreinu alkólholí er neyslan undir meðaltali OECD. Sérstaklega þarf að huga að tannheilsu barna og ungmenna. Um helmingur Íslendinga er of þungur og er ofþyngd sökum rangs mataræðis og ónógrar hreyfingar vandi sem þarf að taka á hjá öllum aldurflokkum. Sjúkdómar af geðrænum toga valda meira vinnutapi og kostnaði fyrir samfélagið en flestir aðrir sjúkdómar. Neysla geðdeyfðarlyfja er mikil, tvöfalt meiri en t.d. í Noregi.

#### Áherslur í heilbrigðisþjónustu á næstu árum

*Ákveðin tækifæri felast í þeirri þróngu fjárhagslegu stöðu sem íslenskt samfélag stendur frammi fyrir í dag til nýrrar hugsunar í skipulagi heilbrigðisþjónustu, endurskoðunar á starfsháttum, betri nýtingar á fjármagni og fleiri tækifærum fyrir mannauðinn innan heilbrigðisþjónustunnar:*

Endurskoða þarf skipulag heilbrigðisþjónustunnar, skyra verkaskiptingu milli sjúkrastofnana innbyrðis annars vegar og milli sérhæfðrar þjónustu og heilsugæslu hins vegar og skilgreina þjónustumarkmið eininga með samningum þar um. Veita þjónustu á viðeigandi stigi. Auka þarf vægi heilsugæslunnar í heilbrigðisþjónustu m.a. á sviði forvarna og styrkja hana sem fyrsta komustað í heilbrigðisþjónustunni.

Koma á rafrænum samskiptum um sjúkraskrár, skapa aukin tækifæri til veita úrlausn vegna heilbrigðisvanda með samskiptum við heilbrigðisstarfsfólk á netinu og efla aðgang almennings að traustri heilbrigðisfræðslu á netinu.

Styðja við og skapa aukin atvinnutækifæri fyrir mannauð innan heilbrigðisþjónustunnar og um leið nýta betur húsnæði, tækjabúnað og tækni með því að gera samninga við erlenda aðila að veita tiltekna heilbrigðisþjónustu til útlendinga á Íslandi. Slík starfsemi er auk þess gjaldeyrisskapandi.

Endurskoða hvað fellur undir heilbrigðisþjónustu sem greitt er fyrir af almannafé. Breyta greiðsluþátttöku sjúklinga í heilbrigðisþjónustu m.a. með það fyrir augum að gera hana réttlátari en jafnframt auka ábyrgð einstaklinga á eigin heilsu. Skoða greiðsluþátttöku almennings í tannlæknabjónustu með sérstakri áherslu á að bæta tannheilsu barna og ungmenna m.a. með skólatannlækningum.

Efla samstarf um rannsóknir á sviði heilbrigðisþjónustu með því að nýta sérstöðu íslensks samfélags m.a. smæð, aðgengi að upplýsingum, menntunarstig heilbrigðisstarfsmanna, árangur í vísindastarfi, öflugt samstarf heilbrigðisstofnana og háskóla og tengsl við fræðimenn erlendis.

Áherslu á ofgnótt og ofneyllu verður að linna. Almennrar viðhorfsbreytingar er þörf varðandi tengsl mataræðis og hreyfingar við heilbrigði og vellíðan og leita í því skyni samvinnu fjölskyldunnar, atvinnulífsins, íþróttahreyfingarinnar menntakerfisins og heilbrigðiskerfisins til að taka skipulega á vaxandi ofþyngd allra aldurshópa. Leggja áherslu á að lýðheilsumarkmiðum sé fylgt varðandi mataræði og hreyfingu í skólum.

Nýbygging Landspítala er forsenda fyrir hagræðingu í íslenskri heilbrigðisþjónustu og til að efla þjónustu við sjúklinga í samræmi við nútímoviðhorf og bestu þekkingu á hverjum tíma um leið og aukin tækifæri skapast til að nýta mannafla, tækjabúnað og aðstöðu með hagkvæmari og skilvirkari hætti.

Fjölga þarf úrræðum til að takast á við geðrænan vanda, m.a. í heilsugæslunni.

## Þema 2: Framtíðaráherslur í málefnum eldri borgara

**Viðfangsefnið:** Hvað er það sem við stöndum frammi fyrir? Hvaða úrlausnir höfum við?

Eldri borgarar njóti mannréttinda í samræmi við stjórnarskrá og verði ekki aðgreindir frá öðrum aldurshóum með sérlögum og reglugerðum.

Eldri borgarar búi við valfrelsi þegar staðið er frammi fyrir breytingum á högum vegna aðstæðna s.s.

- Aldurstengd starfslok framundan
- Breytingar á fjölskylduhögum (s.s. makamissir)
- Aðrar breytingar á félagslegri stöðu s.s. veikindi maka, skilnaður
- Heilsubrestur

### Verkefni til úrlausnar

**Lög** - Hvernig má vinna að því að afnema Lög um málefni aldraðra og reglugerðir sem tilheyra þeim og fella inní heildarlöggjöf um velferðarmál ?

**Réttindi** - Hvernig má tryggja eldri borgurum valfrelsi þegar staðið er frammi fyrir breytingum á högum vegna aðstæðna með það að markmiði að fólk geti haldið sjálfstæði sínu og búið við einstaklingsfrelsi og fullt fjárræði þátt fyrir breytingar?

Hvernig má tryggja eldri borgurum ráðgjöf um réttindi og þjónustu þegar staðið er frammi fyrir breytingum?

**Starfslok** - Hvernig má tryggja eldri borgurum valfrelsi hvað starfslok varðar? Ætti að setja upp nokkra möguleika og tengja við útgreiðslu lífeyris hjá almannatryggingum og lífeyrissjóðum þannig að fólk gæti valið allt frá 60-70 ára aldurs eða eldra að hætta störfum. Fólk með starfsgetu og vilja til að halda áfram launuðu starfi á vinnumarkaði gæti gert það með samkomulagi við vinnuveitanda.

**Lífeyrir** - Hvernig má tryggja það að lágmarkslífeyrir almannatrygginga verði aldrei lægri en lágmarkslaun á vinnumarkaði? Hvernig má eyða þeim fordómum að eldra fólk nægi minna fjármagn til framfærslu en öðrum einstaklingum? Það þarf að tryggja það að gripið sé til margvíslegra úrræða til að auðvelda eldri borgurum að afla sér tekna, þar sem lífeyrirsréttindi og greiðslur geta verið mjög mismunandi.

**Breyting á fjölskylduhögum** - Hvernig má tryggja eldri borgurum aðstoð til að takast á við breytingar og missi á félagslegri stöðu í kjölfar t.d. skilnaðar, veikinda maka eða andláts maka?

**Heilsubrestur** - Hvernig má tryggja eldri borgurum sjálfstæði, fjárræði, valfrelsi og reisn ef heilsan gefur sig þannig að fólk getur ekki lengur annast heimilishald eða sjálft sig?

### Áherslur til framtíðar

Síðan í október 2008 hafa lífskjör farið versnandi frá mánuði til mánaðar. Vextir hafa verið háir og vörur og þjónusta hækkað. Á sama tíma hafa tekjur heimilanna ýmist staðið í stað eða minnkað. Bætur almannatrygginga hafa rýrnað og greiðslur úr lífeyrissjóðum ýmist staðið í stað eða lækkað. Lyf hafa hækkað í verði og heilbrigdisþjónusta sömuleiðis. Við bankahrunið töpuðu margir einstaklingar miklum fjármunum, jafnvel ævisparnaði sínum, sem þeir ætluðu að grípa til í ellinni. Við þessar aðstæður er ljóst, að óhjákvaemilegur tekjumissir við starfslok kemur mjög illa við marga. Því er mikilvægt að þeir, sem orðnir eru sjötugir, geti unnið sér inn tekjur án þess að missa rétt til ellilífeyris frá ríkinu. Hið sama á við um öryrkja. Til að mæta þessari þörf hafa ríki og sveitarfélög margvísleg úrræði. Og hið sama á við úti á hinum almenna vinnumarkaði.

Tryggja þarf þeim, sem náð hafa sjötugsaldri, að þeir geti valið að frestað töku lífeyris í samráði við atvinnurekanda og unnið sér í staðinn inn meiri rétt hjá viðkomandi lífeyrissjóði.

Tryggja þarf að eldri borgari haldi lífeyrirsréttindum og fjárrorræði viðkomandi sé virt óháð búsetu. Boðið verði uppá heilsueflandi heimsóknir fyrir 75 ára og eldri frá velferðarmiðstöð (þjónustumiðstöð/heilsugæslustöð) í nærumhverfinu. Ráðgjöf verði veitt um réttindi og þjónustu. Heimaþjónusta verði veitt samkvæmt viðurkenndu þjónustumati. Heimilishálp greiðist af notanda (a.m.k að hluta) en heimahjúkrun af opinberu fé. Áhersla sé á að eldri borgarar geti búið sjálfstæðu lífi á eigin heimili sem lengst og fái þar þá þjónustu sem þörf er á.

Ef eldri borgari treystir sér ekki lengur til að annast heimilishald eða búa lengur á eigin heimili, er valfrelsi að flytjast í þjónustuþúð/öryggisþúð. Þar stendur fólk undir öllum kostnaði við búsetu sína með sama hætti að það gerði áður. Dvalar-og vistheimili verði ekki lengur valkostur en þjónustuþúð (herbergi eða íbúð) komi í staðinn.

Ef eldri borgari þarf að flytjast af eigin heimili til hjúkrunar í þjónustuhúsnaði (hjúkrunarheimili), er gerður þjónustusamningur um kostnað vegna leigu á húsnæði (í samræmi við gæði þess), kaup á máltíðum, þrifum, þvottum o.s.frv. Notandi ber kostnað af lyfjum og hjúkrunarvörum með sama hætti og þegar hann/hún bjó heima. Hjúkrun, þjálfun og læknisþjónusta veitt á heimilinu er kostuð að opinberu fé. Önnur sérfræðiþjónusta er kostuð af notanda með sama hætti og þegar hann/hún bjó heima. Möguleiki verði á að maki geti búið með maka sem þarfnast umönnunar, þó svo að viðkomandi þurfi ekki sjálfur umönnun og geri þá um það þjónustusamning um leigu o.s.frv. Hjón

gætu þannig haft val um búsetu og sá hrausti gefist kostur á að annast heimilishaldið í vistaverum þeirra inni á hjúkrunarheimilinu í stað þess að kaupa þá þjónustu. Val einnig um að annað hjóna búi á hjúkrunarheimilinu og hinn annars staðar.

Tryggja þarf að lífeyrir standi undir kostnaði af búsetu og heimilishaldi.

Boðið verði uppá fjölbreytt rekstrarform í heimaþjónustu og á hjúkrunarheimilum sem byggja á þjónustusamningum við hið opinbera. Þjónustusamningar taki mið af kröfulýsingu með lágmarks-viðmiðum um þjónustu, mannauð, gæði og verkferla og rekstur og húsnaði. Notendur geti keypt ýmsa þjónustu umfram lágmarksviðmiðin, án takmörkunar, þ.m.t. stærra húsnaði, valkostí í mál-tíðum og ýmsa persónubundna sér þjónustu.

### [Þema 3: Framtíðaráherslur í málefnum fatlaðra – Velferð á grundvelli mannréttinda/ þjónusta eftir þörfum](#)

**Viðfangsefnið: Hvernig tekur Sjálfstæðisflokkurinn forystu á grundvelli nýrrar hugsunar í málefnum fatlaðra einstaklinga?**

#### **Frá ölmusu til mannréttinda**

Hér á árum áður var aðstoð við fatlað fólk einungis byggð á ölmusu og litið á þessa einstaklinga sem samfélagslegt vandamál í stað einstaklinga sem eiga réttindi. Enn þann dag í dag eimir eftir af þessu viðhorfi þar sem fatlað fólk hefur að jafnaði einungis aðgang að miðstýrðri þjónustu þar sem einstaklingarnir hafa lítið um það að segja hvernig er veitt og af hverjum.

Skilgreining á fötlun samkvæmt sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks:

Til fatlaðs fólks teljast þeir sem eru líkamlega, andlega eða vitsmunalega skertir eða sem hafa skerta skynjun til frambúðar sem kann, þegar víxlverkun verður milli þessara þátta og tálma af ýmsu tagi, að koma í veg fyrir fulla og virka þátttöku þeirra í samfélagini á jafnréttisgrundvelli.

Út frá sjónarhorni mannréttinda stafa „vandamál“ fötlunar af vangetu stjórvalda til að bregðast við samfélagslega tilbúnum hindrunum og ólíkum þörfum fólks vegna fötlunar. Þar af leiðandi hvílir sú skylda á stjórnvöldum að uppræta þessar hindranir til að tryggja fulla virðingu fyrir mannlegri reisn og jöfnum rétti allra.

Hvernig samræmist þessu nýja nálgun hugmyndafræði Sjálfstæðisflokksins?

Hvernig getur Sjálfstæðisflokkurinn tekið forystu á grundvelli þessarar nýju nálgunar?

#### **Valfrelsi í þjónustu - Sóknarfæri fyrir Sjálfstæðisflokkinn**

Í dag býr flest fatlað fólk ekki við sama einstaklings og athafnafrelsi og öðrum finnast sjálfsögð.

Mannréttinda sáttmáli S.þ. um réttindi fatlaðs fólks bendir á rétt þess til að lifa sjálfstæðu lífi og taka fullan þátt í samfélagini án allrar aðgreiningar. Þetta felur í sér að fötluðu fólk á ekki að vera gert að búa við eitthvað tiltekið búsetuúrræði (eins og staðan er í dag) heldur á það rétt á að velja hvernig, hvar og með hverjum það býr. Sömuleiðis þarf að vera fyrir hendi öll sú samfélagslega þjónusta sem er nauðsynleg til að stuðla að fullri samfélagsþátttöku og koma í veg fyrir einangrun.

Í kreppunni er mikilvægt að skera niður alla óþarfa þjónustu og útgjöld en jafnframt halda þétt utan um þá sem mest þurfa á þjónustu að halda. Hugmyndafræðin um notendastýrða persónulega aðstoð þar sem fötluðu fólk er gert kleift að stofna fyrirtæki í kringum sínar þjónustubarfir og ráða til sín eigið starfsfólk byggir á sömu grunngildum og Sjálfstæðisflokkurinn stendur fyrir þ.e. frelsi einstaklingsins yfir eigin lífi. Með slíkri aðstoð er það fært á vald hins fatlaða að ráða hver veitir þjónustuna svo hann geti þá skipt um starfsfólk ef hann er óánægður með þá þjónustu sem veitt er í stað þess að þurfa flytjast milli þjónustusvæða eða stofnana.

Í þeim löndum sem tekið hafa upp beingreiðslur til fatlaðs fólks og opnað tækifæri þess til að reka sína eigin þjónustu hefur verið sýnt fram á að slík þjónusta sé þar að auki ódýrari heldur en ef hún væri rekin frá miðstýrðu þjónustukerfi. Slíkt ætti ekki að koma okkur á óvart þar sem við höfum löngum haldið því fram að fólk fari betur með eigið fé en ríkisvaldið.

Hvernig aukum við valfrelsi fatlaðra einstaklinga þegar kemur að þjónustu?  
Þarf sér lög til að tryggja þjónustu eða getum við farið nýjar leiðir og getum við afnumið sérlögin?  
Hvað þarf til? Hvernig tryggjum við einstaklingnum þjónustu með lögum.

### Löggjöfin og réttindi öryrkja

Hugtakið öryrki er afar víðfeðmt og nær yfir fólk með þroskahömlun, geðfötlun, líkamlegar skerðingar og fíknivandamál. Öryrkjahugtakið er tilbúið af Tryggingastofnun ríkisins út frá því hvað fólk skorar marga punkta út frá örorkumatinu. Löggjöf sem er ætlað að mæta réttindum þessa gríðarlega fjölbreytilega hóps sem „öryrkjar“ eru stendur jafnframt frammi fyrir því viðfangsefni að þurfa að skilgreina þennan hóp.

Einföld leið gæti verið að koma á almennri jafnréttislöggjöf og banna mismunun vegna kyns, kynferðis, þjóðernis, fötlunar o.s.frv. Þetta er sú leið sem verið er að fara í Kanada og Noregi.

Matið á örorkunni byggist hins vegar á reglugerð 379/1999 um örorkumat svo breytingar á því mati geta verið framkvæmdar án atbeini löggjafans. Stundum verða breytingar á þessu með nokkurra vikna millibili. Þessu er öðruvísi farið í Bretlandi þar sem örorkumat er einnig bundið í lög. Okkar örorkumatskerfi er beinþýtt frá breska kerfinu, en engu að síður er matið hér ekki bundið í lög.

Hvaða breytingar þarf að gera á lögum?  
Er ástæða til að endurskoða mat á örorku og þá með hvaða hætti?